

22. ágúst 2017

Málsnr. 1211376

Umsögn um nýtt deiliskipulag Ásvallabrautar – tenging Vallahverfis og Ásahverfis við Kaldárselsveg.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar 2017 að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Ásvallabraut tengingu Valla og Áslands í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Frestur til að skila inn athugasemdum var til 18. maí 2017. Athugasemdir bárust.

Deiliskipulagið afmarkast frá Aftantorgi, sem er síðasta torgið á Ásvöllum, að Kaldárselsvegi. Ásvallabraut er tengibraut sem er hugsuð sem innanbæjartenging. Þessi tenging er mikilvæg fyrir tengsl Valla 5 og 6 og Skarðshlíðar við stofnvegakerfið og þjónar um leið sem öryggisleið ef aðrar leiðir lokast. Brautin er 1+1 vegur með 50 km hámarkshraða.

Tillagan var send til umsagnar:

- Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
- Umhverfisstofnunnar
- Minjastofnunnar
- Vegagerðarinnar
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Umsagnir þessara stofnana hafa borist.

Umsögn umhverfis- og skipulagsþjónustu

Það þarf að horfa á þessa einstaka legu í stærra samhengi. Það er verið að bregðast við nýrri íbúðabygð á þessum stað. Skv. aðalskipulagi Hafnarfjarðar er gert ráð fyrir frekari bygð í Áslandi, áfangar 4 og 5 og eru í suðurhlíðum Ásfjallsins og teygja sig á móti íbúðarbyggðinni á Völlunum. Ný íbúðarhverfi í Vatnshlíð munu liggja sunnan væntanlegs ofanbyggðavegs í suðurhalla sunnan Vatnshlíðarhnjúks. Eins er gert ráð fyrir íbúðarbyggð í Hamranesi.

Hljóðvistarmælingar voru unnar af VSÓ ráðgjöf og var unnið skv. eftirfarandi:

ÁDU er meðaltalsumferð á sólarhring og er hljóðvist alltaf reiknuð út frá henni skv. reglugerð. Leyfður aksturshraði á Ásvallabraut er 50 km/klst. Miðað var við að hlutfall þungra bíla væri 3% af heildarumferð.

Útreikningar sýna að miðað við þessar forsendur og engar hljóðvarnir, verða hús næst Ásvallabraut og Kaldárselsvegi fyrir ónæði af völdum umferðarhávaða og fer þar hljóðvist yfir 55 dB(A), sem eru mörk hávaða vegna umferðar ökutækja samkvæmt reglugerð nr. 724/2008.

Þetta eru eftirfarandi hús:

- Brekkuás 1
- Dalsás 2 – 6
- Dalsás 8 - 12
- Furuás 21
- Furuás 23 - 27

Með uppsetningu 2,5-3,1 metra hárra hljóðvarna meðfram Ásvallabraut og Kaldárselsvegi verður hljóðvist innan marka á öllum hæðum fyrrgreindra húsa. Þessar varnir eru sýndar á deiliskipulagsupprætti. Undirgöng sem tengja upplandið eru við hringtorgið við Hlíðarþúfur og er sýnt á deiliskipulagsupprætti Kaldárselsvegar.

Hesthúsabyggð í Hlíðarenda þarf að víkja, lóðaleigusamningurinn rann út 2011 enda þessi vegur búin að vera lengi á aðalskipulagi.

Ofanbyggðavegur er stofnbraut og mun tengjast gatnakerfi Garðabæjar. Hann er nauðsynlegur sem tenging fyrir framtíðar íbúðarsvæði á Völlum, Áslandi og Hamranesi, auk þess sem honum er ætlað að taka við stórum hluta af þeim þungaflutningum sem nú fer um Reykjanesbraut. Í samvinnu við bæjaryfirvöld í Garðabæ og Vegagerðina verður áfram unnið að framtíðar útfærslu vegarins og tengingu hans við stofnbrautakerfi Höfuðborgarsvæðisins. Vegurinn er sýndur í jarðgöngum á aðalskipulagi Hafnarfjarðar í gegnum framtíðarsvæði Áslands og Vatnshlíðar.



Ásvallabraut er allt annars eðlis, hún er tengibraut sem er hugsuð sem innanbæjartenging. Þessi tenging er mikilvæg fyrir tengsl Valla 5 og 6 og Skarðshlíðar við stofnvegakerfið og þjónar um leið sem öryggisleið ef aðrar leiðir lokast. Brautin er 1+1 vegur með 50 km hámarkshraða eins og áður hefur verið nefnt.

Með kveðju,

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar

Norðurhelli 2 | 221 Hafnarfjörður
Sími 585 5619 | GSM 664 5619

